



3. fundur í aðalstjórn Aftureldingar þriðjudaginn 14. ágúst 2018

Haldinn á skrifstofu Aftureldingar að Varmá kl. 17:30

Mætt: Birna Kristín Jónsdóttir (BJ), Sigurður Rúnar Magnússon (SM), Krístrún Kristjánsdóttir (KK), Geirarður Long (GL), Þórdís Sveinsdóttir (ÞS), Gunnar Skúli Guðjónsson (GSG), Hanna Björk Halldórsdóttir (HBH) og Jón Júlíus Karlsson (JK) framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fréttir af skrifstofu

- Bæklingur til dreifingar
- Ný heimasíða tekin í notkun þann 24. ágúst næstkomandi
- Ný stundatafla fyrir veturinn 18/19 í vinnslu
- Farið verður í ráðningu fjármálafulltrúa með haustinu

2. Búningamál Aftureldingar

Ákveðið var af búninganefnd að hætta samstarfi við Errea en samningurinn rennur út þann 30. september 2018 og hefur búninganefnd verið að störfum að leita tilboða víða. Eftir þá vinnu var ákveðið að ganga til samstarfs við Jako og var einhugur nefndar um val á Jako.

Klára þarf samningslok við Errea.

3. Skattamál

Verktakar vs. Launþegar: Rætt í tilefni af umræðu á aðalfundi sl. Vor. Ákveðið að reyna eftir fremsta megni að hafa sem flesta unga starfsmenn félagsins sem launþega. Einnig skal reyna að auka fræðslu til þeirra sem starfa sem verktakar. Að öðru leyti er starfsemi félagsins í samræmi við flest önnur íþróttafélög.

4. Viðræður við Mosfellsbæ

Hararldur Sverrisson boðaði Birnu Kristínu á fund og var fundurinn vel heppnaður.

- Kom til tals að stofna samráðshóp vegna aðstöðumála Aftureldingar og verður þetta útfært nánar með haustinu.

-Samningur Aftureldingar við Mosfellsbæ rann út um áramótin 17/18 og hefur verið unnið að nýjum samningi á árinu. Leitast verður eftir að klára samninginn sem allra fyrst.

Fundi slitið kl 20.00
Krístrún Kristjánsdóttir
(sign).